

**2021 nr. 55 28. maí****Lög um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltek-  
inna fjárfestingarafurða fyrir almenna  
fjárfesta**

Tóku gildi 1. júlí 2021 nema 1. tölul. 19. gr. sem tók gildi 1. jan. 2022; um laga-  
skil sjá 18. gr. *EES-samningurinn*: IX. viðauki reglugerð 1286/2014, 2340/2016.  
*Breytt með*: L. 116/2021 (tóku gildi 1. sept. 2021; um lagaskil sjá 136. gr.; *EES-  
samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 2007/16/EB, 2009/65/EB, 2013/14/ESB, 2014/  
91/ESB, 2010/78/ESB). L. 134/2021 (tóku gildi 31. des. 2021; *EES-samningurinn*:  
IX. viðauki reglugerð 2021/168).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé til-  
greint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða  
**fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr. Markmið og gildissvið.**

□ Markmið laga þessara er að gera almennum fjárfestum  
kleift að skilja og bera saman helstu eiginleika pakkaðra  
og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða og meðfylgjandi  
áhættu.

□ Lög þessi gilda um framleiðendur pakkaðra og váttryg-  
gingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta og að-  
ila sem veita ráðgjöf um eða selja slíkar afurðir. Jafnframt  
gilda lög in um þá aðila sem bjóða upp á viðbótartrygginga-  
vernd skv. II. kafla laga nr. 129/1997, sbr. 3.–5. mgr. 8. gr.  
laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyr-  
issjóða, nr. 129/1997.

**■ 2. gr. Lögfesting.**

□ Ákvæði eftirfarandi reglugerða, eins og þær voru tekn-  
ar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu  
hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir  
af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020  
frá 30. apríl 2020, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun  
við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um  
Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er  
lögfest:

1. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.  
1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vá-  
tryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta.

2. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.  
2340/2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1286/2014  
um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttryggingatengd-  
ar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta.

**■ 3. gr. Eftirlit og upplýsingagjöf.**

□ Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftir-  
lit samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um  
Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og samning  
milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dóm-  
stóls.

□ Um eftirlitið og upplýsingagjöf innlendra aðila fer sam-  
kvæmt ákvæðum laga þessara, ákvæðum reglugerðar (ESB)  
nr. 1286/2014, laga um opinbert eftirlit með fjármálastarf-  
semi og laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

□ Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald í skilningi reglu-  
gerðar (ESB) nr. 1286/2014.

**■ 4. gr. Almennar íhlutunarheimildir.**

□ Að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 17. gr. reglugerðar  
(ESB) nr. 1286/2014 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að banna  
eða takmarka:

a. markaðssetningu, dreifingu eða sölu váttrygginga-  
tengdra fjárfestingarafurða, váttryggingatengdra fjárfesting-  
arafurða með tiltekna tilgreinda eiginleika eða

b. tiltekna tegund fjármálastarfsemi eða framkvæmd vá-  
trygginga- eða endurtryggingafélags.

□ Fjármálaeftirlitinu ber að lágmarki mánuði áður en ráð-  
stöfun skv. 1. mgr. er ætlað að taka gildi að greina öllum við-  
komandi lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu  
og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni  
frá fyrirætlunum sínum til samræmis við 3. mgr. 17. gr. reglu-  
gerðar (ESB) nr. 1286/2014.

□ Að uppfylltum skilyrðum 4. mgr. 17. gr. reglugerðar  
(ESB) nr. 1286/2014 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa  
til ráðstafana skv. 1. mgr. með minnst sólarhrings skriflegum  
fyrirvara til handa öllum öðrum viðkomandi lögbærum yfir-  
völdum á Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópsku váttryg-  
ginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni.

□ Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum tilkynningu um  
allar ákvarðanir skv. 1. mgr. þar sem fram koma upplýsing-  
ar um bann eða takmörkun, hvenær ráðstafanir taka gildi  
eftir birtingu tilkynningarinnar og þau gögn sem það byggir  
ákvörðun sína á.

**■ 5. gr. Aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og  
dóma EFTA-dómstólsins.**

□ Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum  
þessum eru aðfararhæfar, sem og dómur og úrskurðir EFTA-  
dómstólsins.

**■ 6. gr. Úrbótakrafa vegna brots.**

□ Komi í ljós að ákvæðum laga þessara er ekki fylgt skal  
Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs  
frests.

**■ 7. gr. Bann við afhendingu lykilupplýsingaskjals.**

□ Ef lykilupplýsingaskjal er ekki í samræmi við 6., 7., 8. eða  
10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014, og stjórnvaldsfyrir-  
mæli sett með stoð í þeim, getur Fjármálaeftirlitið bannað  
hvers konar miðlun á skjalinu og krafist þess að endurbætt  
lykilupplýsingaskjal verði gefið út.

**■ 8. gr. Bann við markaðssetningu.**

□ Vegna brota á ákvæðum 1. mgr. 5. gr., 6. gr., 7. gr., 1.–3.  
mgr. 8. gr., 9. gr., 1. mgr. 10. gr., 1., 3. og 4. mgr. 13. gr.,  
14. gr. eða 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 og stjórn-  
valdsfyrirmælum settum með stoð í þeim er Fjármálaeftirlit-  
inu heimilt að banna eða stöðva tímabundið markaðssetningu  
á pakkaðri og váttryggingatengdri fjárfestingarafurð fyrir al-  
menna fjárfesta.

**■ 9. gr. Stjórnvaldssektir.**

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann  
sem brýtur gegn eftirfarandi ákvæðum reglugerðar Evrópu-  
þingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 og stjórnvaldsfyrir-  
mælum settum með stoð í lögum þessum:

1. 1. mgr. 5. gr. um skyldu til að semja lykilupplýsinga-  
skjal.

2. 6. gr., 7. gr. og 1.–3. mgr. 8. gr. um form og efni lykil-  
upplýsingaskjals.

3. 9. gr. um markaðsefni.

4. 1. mgr. 10. gr. um endurskoðun upplýsinga í lykilupp-  
lýsingaskjali.

5. 1., 3. og 4. mgr. 13. gr. og 14. gr. um afhendingu lykil-  
upplýsingaskjals.

6. 19. gr. um viðeigandi verkferla og ráðstafanir vegna  
kvartana.

□ Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssekt á hvern  
þann sem hlítir ekki ráðstöfun eftirlitsins skv. 4. gr. laga þes-  
sara eða fer ekki að kröfum þess um samstarf við rannsókn í  
tengslum við eftirlit eða beiðni um upplýsingar skv. 2. mgr.  
3. gr. laga þessara.

□ Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 110 millj. kr. Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. eða allt að 3% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða allt að 3% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

□ Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt að ákvarða lögaðila eða einstaklingi stjórnvaldssekt allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem nemur fjárhagslegum ávinningi af broti eða tapi sem forðað er með broti.

□ Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektor renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

■ **10. gr. Ákvörðun stjórnvíslyuviðurlaga og annarra ráðstafana.**

□ Við ákvörðun stjórnvíslyuviðurlaga, þar á meðal fjárhæðar stjórnvaldssekta, og annarra ráðstafana vegna brots skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi eftir því sem við á:

1. alvarleika brots og tímalengdar brotsins,
2. ábyrgðar hins brotlega einstaklings eða lögaðila,
3. fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af heildarveltu lögaðila eða árstekjum eða hreinni eign hins brotlega einstaklings,
4. þýðingar ávinnings eða taps sem forðað var með broti fyrir hinn brotlega,
5. áhrifa brotsins á hagsmuni almennra fjárfesta,
6. samstarfsvilja hins brotlega,
7. fyrri brota hins brotlega og
8. ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til eftir brotið til að koma í veg fyrir að brotið verði endurtekið.

□ Stjórnvíslyuviðurlögum og öðrum ráðstöfunum vegna brots verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrrsvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að aðili sem gerst hefur brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra sendi hlutaðeigandi almennum fjárfestum tilkynningu þar sem þeir eru upplýstir um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og hvar þeir geti lagt fram kvartanir eða kröfu um úrlausn deilumála.

■ **11. gr. Sátt.**

□ Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

□ Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd 1. mgr., svo sem um inntak sáttar, ákvörðun sektarfjárhæðar og málsmeðferð.

■ **12. gr. Réttur grunads manns.**

□ Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með stjórnvíslyuviðurlögum hefur sá sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot rétt til að neita að svara

spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

■ **13. gr. Frestur til að beita stjórnvíslyuviðurlögum og öðrum ráðstöfunum.**

□ Heimild Fjármálaeftirlitsins til að beita stjórnvíslyuviðurlögum og öðrum ráðstöfunum vegna brota samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum þeim sem staðið hafa að broti.

■ **14. gr. Birting ákvarðana.**

□ Fjármálaeftirlitið skal birta ákvarðanir um ráðstafanir vegna brota samkvæmt lögum þessum til samræmis við 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014.

■ **15. gr. Tilkynningar um brot í starfsemi fyrirtækis.**

□ Fyrirtæki sem framleiða pakkaðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta skulu hafa ferla til að taka við og fylgja eftir tilkynningum starfsmanna sinna um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögnum. Ferlarnir skulu vera aðskildir frá öðrum ferlum innan fyrirtækisins.

□ Starfsmaður sem tekur við tilkynningum skv. 1. mgr. og sér um vinnslu þeirra skal búa við sjálfstæði í störfum og tryggt skal að hann hafi nægilegt vald, fjárveitingar og heimildir til að afla gagna og upplýsinga sem honum eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt skyldum sínum.

□ Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

□ Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. mgr., þ.m.t. um viðtöku og vinnslu tilkynninga.

■ **16. gr. Vernd starfsmanns vegna tilkynningar um brot í starfsemi fyrirtækis.**

□ Starfsmaður sem tekur við tilkynningum skv. 15. gr. og sér um vinnslu þeirra er bundinn þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningunum. Þagnarskyldan gildir gagnvart öðrum starfsmönnum fyrirtækisins og einnig utanaðkomandi aðilum. Þó er heimilt að miðla upplýsingum sem þagnarskylda lýtur að til Fjármálaeftirlitsins og til lögreglu.

□ Eftirlitsskyldir aðilar skulu vernda starfsmann sem í góðri trú hefur tilkynnt um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum þessum gegn því að hann sæti misrétti sem rekja má til tilkynningar hans. Sama gildir um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

□ Ef fyrirtæki brýtur gegn skyldu sinni skv. 2. mgr. skal það greiða starfsmanni skaðabætur samkvæmt almennum reglum. Þetta tekur bæði til beins fjártjóns og miska.

□ Skyldur og réttindi samkvæmt þessari grein eru ófrávikjanleg og óheimilt er að takmarka þau í ráðningarsamningi milli starfsmanns og fyrirtækis.

■ **17. gr. Stjórnvaldsfyrirmæli.**

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 4. mgr. 8. gr. um verkferla sem notaðir eru til að ákvarða hvort pökkuð og váttryggingatengd fjárfestingarafurð beinist að tilteknum umhverfislegum eða félagslegum markmiðum.

2. 8. mgr. 16. gr. og 7. mgr. 17. gr. um íhlutunarheimildir Fjármálaeftirlitsins og Eftirlitsstofnunar EFTA.<sup>1)</sup>

□ Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur<sup>2)</sup> til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 5. mgr. 8. gr. um framsetningu og efni lykilupplýsingaskjals.

2. 2. mgr. 10. gr. um endurskoðun upplýsinga í lykilupplýsingaskjali.

3. 5. mgr. 13. gr. um miðlun lykilupplýsingaskjals.

<sup>1)</sup> Rg. 741/2021. <sup>2)</sup> Rgl. 510/2023.

■ **18. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021. Þó öðlast 1. tölul. 19. gr. gildi 1. janúar 2022.

□ [Þrátt fyrir 1. mgr. skulu rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla laga nr. 45/2020 og aðilar sem veita ráðgjöf um eða selja hluti og/eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs eða sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla laga nr. 45/2020 vera undanþegin gildissviði laganna til 31. desember [2022].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 134/2021, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 116/2021, 137. gr.

■ **19. gr. Breyting á öðrum lögum. . . .**